



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

INRE2HH08

Innréttingasmíði
Námsáætlun

Kennari	Lárus Gestsson (LG) larusgestsson@fsu.is
----------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu, yfirborðsmeðferð og vélavinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar eins og plötu- og spónlagningarefni, áhöld, tæki, spónskurð og spónlímingu. Teknar eru fyrir samsetningar á plötuefni, smíðisfestingar, smíðistengi og uppsetning á innréttingum. Gerð er grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli og gerð, stærð og lögun framleiðsluvöru. Kennslan er aðallega verkleg þar sem nemendur kynnast spón og plastlagningu, nemendur fá þjálfun í að smíða skápa. Áfanginn er sameiginlegur með húsasmiðum og húsagnasmiðum.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- smíði innréttinga
- framleiðsluferli innréttinga
- notkun efna til framleiðslu innréttinga
- öryggisreglum og öryggisbúnaði við framleiðslu innréttinga
- efnum sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða
- viðarspæni og plastefnum sem notuð eru til spónlagningar
- plötuefni og límtré sem notað er í innréttingar og innihurðir
- framleiðslu málaðra innréttinga úr MDF-plötum
- verkfærum og tækjum sem notuð eru í innréttinga- og innihurðasmíði
- helstu samsetningaraðferðum á innréttingum og innihurðum
- öryggisreglum og öryggisbúnaði sem snertir lím og meðferð þess
- mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum

- helstu aðferðum til að yfirborðsmeðhöndla spónlagt plötuefni
- helstu gerðum skáphurða
- mismunandi gerðum innihurða

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- staðsetja og taka úr fyrir lömum og skráum með tækjum og vélum
- nota vélar og verkfæri til innréttingasmíði
- kynna sér smíði innréttinga og skápa ásamt sökkklum úr plötuefni og límtré
- kynna sér smíði skáphurða úr mismunandi efnum
- setja upp skúffur og aðra fylgihluti í innréttingar og skápa
- kantlíma plötuefni með þvingum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja viðeigandi smíðisfestingar og fylgihluti
- velja sérhæfðar trésmíðavélar til plötuvinnslu og spónlagningar
- velja áhöld og rafmagnshandverkfæri til samsetninga
- velja skurðarverkfæri og skurðarhorn með hliðsjón af efni og verkefni
- velja viðeigandi efnissamsetningar og smíðisfestingar
- velja límáburðartæki, þvingur og pressur fyrir kant- og spónlímingu
- velja slípikerfi fyrir spónlagt plötuefni
- velja slípi- og málningarkerfi fyrir innréttingar úr MDF-plötum
- fara eftir öryggisreglum og nota öryggisbúnað við yfirborðsmeðferð
- vinna í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Námsefni:

Kennslubókinn „Innréttingar“ sem er á bókalista nemenda er grunnur að faglegum umræðum og bóklegum prófum.

Einnig er kennari með efni og gott er að láta hugann reika á netinu, þar eru nýjustu upplýsingar um lím, lökk og önnur efni sem sífellt eru í þróun til að aðlagast kröfum um að minnka eiturefni í umhverfinu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Í þessari áætlun kemur fram hvernig tíma annarinnar verður varið. Hún er ekki nákvæm lýsing á verkferlum, en gefur góða mynd af því sem við stefnum að í áfanganum. Samhliða verklegri kennslu verður farið yfir ýmiss atriði sem tengjast viðmiðum áfangans, bókinn „Innréttingar“ gegnir þar stóru hlutverki sem námsgagn, bókleg verkefni eru síðan tengd þeirri umfjöllun.

Verklegt verkefni 1 er einstaklingsverkefni sem tekur stóran hluta af tíma áfangans á önninni. Nemendur fá aðgerðarlista með þessu verkefni sem nauðsynlegt er að fylgja eftir í réttri röð.

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Bókleg verkefni ofl.
2 3	12-16 jan.	Kynning á verkefnum og markmiðum annarinnar, nemendur fá aðgerðarlista og eyðublað fyrir efnislista frá kennara. Hugað að teikningu fyrir verkefni 1 sem er spónlagður skápur með tveimur hurðum. Verkefnið er einstaklingsverkefni sem reynir á sjálfstæði hvers og eins. Við komum til með að nota tölvustýrðan CNC yfirfræsara til að fræsa úr fyrir lömum og hilluberum í hurðar og hliðar.	Kynning á bókinni „Innréttingar“ sem notuð verður í áfanganum og er á bókalista annarinnar. Verkefni 1. Teikna upp skáp og gera efnislista eftir leiðbeiningum á efnislista sem nemendur fá.
3 4	19- 23 jan.	Verkefni 1. Klára að teikna. Minna nemendur á að fara eftir aðgerðarlista sem nemendur fengu. Byrja að saga niður efni í skáp Hver og einn ber ábyrgð á sínu efni og málum með aðstoð kennara ef með þarf.	Verkefni 1. Teikning og efnislisti fyrir skáp. Faglegar umræður með aðstoð bókarinnar „Innréttingar“
4 5	26-30 jan.	Verkefni 1.	Teikning og efnislisti fyrir skáp.

		Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Faglegar umræður með aðstoð bókarinnar „Innréttingar“
5 6	3-7 feb.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Bóklegt próf 1 lagt fyrir í Innu.
6 7	10-14 feb.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Faglegar umræður með aðstoð bókarinnar „Innréttingar“
7 8	16-20 feb. 28 feb miðannarmat.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Fyrirlestur eða heimsókn?
8 9	23-27 feb. vorfrí 23-24 Starfsþróunardagur 27 í FB.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Faglegar umræður með aðstoð bókarinnar „Innréttingar“
9 10	2-6 mars. 4 mars áfangamessa.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Faglegar umræður með aðstoð bókarinnar „Innréttingar“
10 11	10-14 mars. 11 mars valdagur.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Faglegar umræður með aðstoð bókarinnar „Innréttingar“
11 12	16-20 mars. Kátir dagar og Flóafár 18-20.	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Bóklegt próf 2 lagt fyrir í Innu.
12 13	23-27 mars. 25 opið hús f/grunnskóla	Verkefni 1. Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með leiðsögn kennara. Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	Faglegar umræður
13 14	30 mars til 6 apríl páskafrí		
14 15	7-10 apríl.	Verkefni 1.	Faglegar umræður

		Nemendur fylgja aðgerðar og efnislista með aðstoð kennara Æfingar í skerpingu verkfæra allir hópar	
15 16	13-17 apríl	Próf í skerpingu hópur 1	Próf í skerpingu hópur 1
16 17	20-24 apríl. 23 apríl sumardagurinn fyrsti	Verkefni 2 að eigin vali Kennari aðstoðar við gerð aðgerðarlista	Faglegar umræður
17 18	27 apríl-1 maí. 1 maí verkalýðsdagurinn	Verkefni 2 að eigin vali Próf í skerpingu hópur 2	Faglegar umræður Próf í skerpingu hópur 2
18 19	5-9 maí. Dimmisjón 8	Verkefni 2 að eigin vali Próf í skerpingu hópur 3	Próf í skerpingu hópur 3
19 20	11-13 maí. 13 maí síðasti kennsludagur Námsmat 15-19 Sjúkrapróf 20 Brautskráning 29	Frágangur og umræður um verkefnin og áfangann.	Lokaskil verkefna frá nemendum og námsmats frá kennara.

Sérreglur áfangans:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virkni í áfanganum.

Ætlast er til að nemendur sem hyggjast sækja um dreifnám hjá kennara, geri það í fyrstu tímum hvernar annar á þar til gerðum samningsblöðum. (á við ef nemandi uppfyllir skilyrði um dreifnám)

Mikilvægt er að nemendur standi við gerða dreifnámssamninga.

Vinna og skila skal bóklegum prófum í INNU en efnislistum til kennara í samráði við hann.

Vinnufatnaður og öryggismál

Vinnufatnaður er skilda í tímum, þar með taldir öryggisskór, nemandi fær ekki aðgang að verklegum tímum án þessa búnaðar.

Nemendur temji sér frá fyrsta degi notkun persónuhlífa og fari eftir reglum varðandi öryggishlífar á öllum vélum og verkfærum sem búnar eru slíkum búnaði, kennari kemur til með að fylgja þessu eftir í samstarfi við nemendur.

Raunmæting í verklegra áfanga:

Nemendur verða að gera ráð fyrir að raunmæting í verklegra áfanga verður að vera í réttu hlutfalli við hámarks fjarvistarstig hvers áfanga, **sömu reglur gilda um nemendur með opið vottorð.**

Eldri nemendur sem stunda vinnu í sömu iðngrein með skóla geta gert D samning um verklegra áfanga sem aldrei er þó með minni mætingarkröfu en 50%.

Í þessum áfanga er nauðsynlegt að byrja með fulla mætingu og sjá svo til hvernig gengur og gera stöðumat á hugsanlegum afslætti á mætingu.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. **Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans**

Að öðru leiti gilda skólasóknarreglur FSu um námið.

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verklag, framför, fagmennska.	Símat þrisvar á önn Matsþættir sjást nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	10%
Bóklegt próf 1 Lagt fyrir í viku 5 (6)	Próf unnið á INNU	10%
Bóklegt próf 2	Próf unnið á INNU	10%

Lagt fyrir í viku 11 (12)		
Verkefni 1 verklegt - skápur	Matsþættir sjást nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	40%
Verkefni 2 verklegt – Val.	Matsþættir sjást nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	8%
Ástundun	Raunmæting í kennslustundum samkvæmt skráningu í Innu, farið yfir d-samninga og notað við mat ef við á.	7%
Skil á efnislistum	Skilað til kennara	5%
Próf í skerpingu		10%
	Samtals=	100%

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands 14 desember 2025

Lárus Gestsson fagstjóri og kennari trédeild FSu.